

Umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofa samgöngustjóra

Eftirfarandi er umsögn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, fulltrúa íbúasamtaka og fulltrúa foreldrafélaga í íbúaráði Grafarvogs um tillögu að hámarkshraðaáætlun fyrir borgarhlutann:

Víða þarf að huga að bæta umferðaröryggi í Grafarvogi líkt og úttekt á umferðaröryggismálum - sem gerð var fyrir ráðið - í hverfinu leiddi í ljós. Umferðaröryggisskýrsla þessi var afhent Reykjavíkurborg árið 2014 en lítið hefur gerst í þeim efnum. Þar var meðal annars bent á hættulega slysastaði, vöntun á gangbrautum, hraðahindrunum ásamt fjölda annara atriða. Það að búa til nýtt hraðaþrep getur orðið til þess að auka verulega á flækjustig í umferðinni. Þess í stað ætti að huga að því að gera allar gangbrautir í borgarlandinu öruggar. Mikið er um gönguþveranir í Grafarvogi og ætti að skipta þeim út fyrir vel merktar gangbrautir þar sem hugað er að þáttum líkt og lýsingu.

Öryggismál eiga ávallt að vera í forgrunni við skóla og þar sem börn eru að leik. Hugmyndir um lækkun á hámarkshraða eru töluvert víðtæka. Áhrif lækkunar úr 50 í 40 mun hafa í för með sér að afkastageta gatnanna verður minni, aukið verður á tímaeyðslu borgarbúa, aukin eldsneytiseyðsla með tilheyrandi mengun ásamt því að almenningasamgöngur komast ekki jafn greitt leiðar sinnar.

Mikilvægt er að stórar hugmyndir sem þessar séu unnar í fullu samráði við Lögregluna og Vegagerðina. Í tillögunni segir orðrétt: „Áætlunin nær ekki til hámarkshraða á vegum annarra veghaldara, þ.e. Vegagerðarinnar og Faxaflóahafna, en hefur verið kynnt fyrir fulltrúum þeirra.“ Fulltrúar lögreglunnar annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar telja sambærilega breytingu á lækkun hámarkshraða, ekki tímabæra.